

Þórarinn Stefánsson starfar sem kennari við Tónlistarskólann á Akureyri og Tónlistarskóla Eyjafjarðar auk þess að stunda önnur tónlistarstörf.

Hann hóf ungur píanónám í heimabæ sínum Akureyri. Á námsárunum þar naut hann leiðsagnar fjölda kennara en að öðrum ólöstuðum má helst nefna að Thomas Jackman og Paula Schinz höfðu hvetjandi áhrif til áframhaldandi náms. Síðustu námsárin á Akureyri hlaut Þórarinn tvívegis styrk úr sjóði sem Martin Berkofsky píanóleikari stofnaði. Þórarinn lauk burtfararprófi samhliða stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Akureyri og hélt til Reykjavíkur. Hann lauk kennara- og einleikaraprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík vorið 1987 undir handleiðslu Halldórs Haraldssonar. Þórarinn stundaði framhaldsnám í Hannover í Þýskalandi hjá prof. Eriku Haase. Hann hefur auk þess sótt einkatíma og námskeið hjá Colette Zérah, Edith Picht-Axenfeld og Vlado Perlemuter. Að námi loknu bjó Þórarinn og starfaði um nokkurra ára skeið í Þýskalandi og Danmörku.

Þórarinn hefur komið fram á tónleikum víða um Evrópu sem einleikari og meðleikari með söngvurum og hljóðfæraleikurum, auk þess að hafa skipulagt fjölda tónleika, meðal annars í Þýskalandi, Danmörku, Grænlandi og Færeyjum. Samhliða eigin tónleikahaldi og kennslu er hann nú listrænn stjórnandi tónlistardagskrár Tónlistarhússins Laugarborgar í Eyjafjarðarsveit og hefur gengt því starfi frá árinu 2004.

Þórarinn hefur gert upptökur fyrir sjónvarp og útvarp meðal annars með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Árið 2007 hlaut Þórarinn starfslaun listamanna frá íslenska ríkinu til að undirbúa gerð þessa geisladisks.